

## Fagráð í hrossarækt 72. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg mánudagur 5. nóvember 2015 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Vignir Siggeirsson, Sveinn Ragnarsson og Þorvaldur Kristjánsson. Elvar Einarsson var í símasambandi að hluta en Hulda Gústafsdóttir og Baldvin Ari Guðlaugsson höfðu tilkynnt fjarveru.

### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning.
2. Ræktunarbú ársins 2015.
3. Næstu skref í kynbótamatinu.
4. Aðkoma kynbótahrossa að Landsmóti 2016.
5. Fundur í kynbótanefnd FEIF.
6. Vinna við nýjan dómkvarða.
7. Ráðstefnan Hrossarækt 2015.
8. Önnur mál.

Formaður Fagráðs setur fundinn. Lögð var fram fundargerð frá fundi fagráðs þann 13. apríl og var hún samþykkt samhljóða.

1. Tilnefningar til ræktunarmanns/manna ársins 2015. Lagt var fram yfirlit yfir árangur hjá 53 ræktunarbúum á árinu sem öll stóðust lágmarksskilyrði til skoðunar varðandi ræktunarbú ársins. Guðný Helga Björnsdóttir vék af fundinum undir þessum lið. Ákveðið var að tilnefna að þessu sinni tíu bú. Í stafrófsröð eru þau:

- 1 Brautarholt, Björn Kristjánsson, Snorri Kristjánsson og Þrándur Kristjánsson
- 2 Flagbjarnarholt, Bragi Guðmundson og Sveinbjörn Bragason
- 3 Hof I, Þorlákur Örn Bergsson
- 4 Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar, Bergur Jónsson og Olil Amble
- 5 Miðás, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Gísli Sveinsson
- 6 Stóra-Vatnsskarð, Benedikt G. Benediktsson
- 7 Torfunes, Baldvin Kr. Baldvinsson
- 8 Ytra-Vallholt, Björn Grétar Friðriksson og Harpa H. Hafsteinsdóttir
- 9 Þóroddsstaðir, Bjarni Þorkelsson, Margrét Hafliðadóttir og fjölskylda
- 10 Þúfur, Gísli Gíslason og Mette Mannseth

Sigurvegarnir árið 2015 voru valin Olil Amble og Bergur Jónsson en þau kenna hross sín við Ketilsstaði og Syðri-Gegnishóla.

2. Elsa Albertsdóttir kom inn á fundinn undir þessum lið og ræddi næstu skref í kynbótamatinu. Næstu breytingar á kynbótamatinu eru þríþættar. Í fyrsta lagi að meta kynbótagildi hrossa fyrir árangur í ákveðnum keppnisgreinum. Hugmyndin er að leggja mat á og birta í WorldFeng kynbótamat fyrir samsetta eiginleika sem lýsa frammistöðu í fjórgangsgreinum og fimmgangsgreinum og einnig kynbótamat sem lýsir keppnishæfni í tölti og skeiðgreinum. Þessi viðbót mun auka öryggi hins hefðbundna kynbótamats vegna þess að þeir eiginleikar sem lagt er mat á í kynbótadómum og eru grunnur hins hefðbundna kynbótamats hafa í flestum tilvikum háa erfðafylgni við keppniseiginleikana. Ennfremur nýtast nú upplýsingar um mun fleiri hross sem koma ekki til kynbótadóms. Í öðru lagi kallar uppgötvun á skeiðgeninu á breytingar á kynbótamati fyrir skeið. Þar sem arfhreinleiki fyrir skeiðgeninu (AA arfgerðin) er forsenda fyrir skeiðgetu að einhverju tagi og meirihluti þeirra hrossa sem sýnd eru sem klárhross eru arfblendin fyrir skeiðgeninu (AC hross) er talið rétt að meðhöndla einkunnina 5.0 fyrir skeið sem vöntun á upplýsingum og meta þá kynbótagildi þeirra hrossa sem hafa 5.0 fyrir skeið út frá upplýsingum frá foreldrum/forfeðrum og afkvæmum þeirra. Þetta mun ekki hafa áhrif á röðun hrossa í kynbótamatinu en mun breyta kynbótagildi sumra klárhrossa með tölti. Í þriðja og síðasta lagi er ætlunin að taka tillit til forvals til dóms í nýja kynbótamatinu. Þetta mun hafa einhver áhrif á röðun hrossa í kynbótamatinu þar sem hlutfall þeirra afkvæma sem mætir til dóms mun hafa í framtíðinni áhrif á röðun hrossanna og á þetta sérstaklega við stóðhesta. Þetta mun vonandi leiða til raunhæfari röðunar á afkvæmahrossum í framtíðinni. Lagt var til að Elsa setji upp aðgerðaráætlun fyrir þessa vinnu og skili til fagraðs fyrir desemberfund þess en hugmyndin er að hrinda þessum breytingum í framkvæmd haustið 2016. Þessar hugmyndir allar hluta jákvæðar undirtektir.
  
3. Val kynbótahrossa inn á Landsmótið 2016. Rætt var um hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi á vali kynbótahrossa inn á næsta Landsmót. Í kjölfar aðalfundar Félags hrossabænda haustið 2014 var ákveðið að skipa nefnd til að fara yfir val kynbótahrossa inn á Landsmót framtíðarinnar. Farið var yfir hugmyndir sem komu út úr þessari vinnu. Á undanförunum Landsmótum hafa kynbótahrossin verið valin inn á grundvelli einkunnalágmarka í hverjum flokki en fyrir síðasta mót voru lágmarkin mismunandi eftir aldur/kyn flokkum og einnig eftir því hvort um alhliða hross eða klárhross með tölti var að ræða. Þetta fyrirkomulag hefur skapað töluverða óvissu um þann fjölda kynbótahrossa sem vinnur sér þátttökurétt á mótunum en gagnrýnt hefur verið að fjöldi kynbótahrossa hafi verið of mikill á síðustu mótum. Hugmyndin er sú að í stað einkunnalágmarka verði ákveðin fjöldi látin ráða valinu í hverjum flokki og stefnan sett á að fjöldinn verði í kringum 160 hross (160 – 180 hross). Hugmyndir voru kynntar um hver fjöldinn gæti verið í hverjum flokki og einnig var rætt með hvaða hætti væri hægt að ívilna klárhrossum líkt og gert var fyrir síðasta mót. Þessar hugmyndir verða kynntar á fundarferð Fagraðs og Félags hrossabænda sem Sveinn Steinarsson og Þorvaldur Kristjánsson fara í ásamt fulltrúa Landssambands hestamannafélaga en fyrir liggja 7 fundir vítt og breitt um landið á næstu tveimur vikum. Einnig verður þetta rætt á aðalfundi Félags hrossabænda í byrjun nóvember en svo þarf Fagrað að taka endanlega ákvörðun í þessu máli á fundi sínum í desember.

4. FEIF – fundir. Dagana 24. og 25. október verða fundir í kynbótanefnd og kynbótadómaranefnd FEIF. Þorvaldur Kristjánsson situr í kynbótanefndinni og Guðlaugur Antonsson og Sigbjörn Björnsson sitja í kynbótadómaranefndinni. Ákveðið var að leggja eftirfarandi tillögur fyrir nefndirnar:
- Unnið verði að því að samræma siðareglur sem gilda fyrir starfsfólk og dómara á kynbótasýningum en mismunandi reglur gilda eins og staðan er á Íslandi og í öðrum FEIF löndum þar sem íslensku reglurnar eru mun ítarlegri og strangari.
  - Stefnt verði að sömu menntunarkröfum í öllum FEIF löndum sem gerðar eru til nýrra kynbótadómara. Eins og staðan er núna er gerð krafa um að nýjir dómara á Íslandi búi yfir framhaldsmenntun (BS-gráða) á búfjárfræðum en mismunandi er hvaða kröfur FEIF löndin gera til þess fólks sem þau senda á dómara námskeið FEIF fyrir nýja kynbótadómara. Stefnt yrði að sömu kröfum í öllum FEIF löndum þar sem BS-gráða í búvísindum og hestafræðum verði lögð til grundvallar, ásamt þekkingu á m.a. reiðmennsku og tanningum, kynbóta- og tölfræði, líkamsbyggingu hestsins og hreyfingafræðum.
  - Sett verði upp kerfi sem snýr að mönnun dómnefnda um allan heim þar sem skilgreindur er hópur dómara sem verða að vera formenn dómnefnda alls staðar. Þær kröfur sem yrðu gerðar til dómara sem tilheyra þessum hópi snúa fyrst og fremst að reynslu viðkomandi og einnig menntun. Leggja þarf í vinnu við að kanna hvað þessi hópur þyrfti að vera stór til að mönnun dómnefnda geti gengið snurðulaust fyrir sig en þetta yrði stórt skref í átt að bættri samræmingu dóma innan og á milli landa.
5. Vinna við nýjan dómkvarða. Kynnt var að framundan er vinna við gerð nýs dómkvarða í kynbótadómum. Nauðsynlegt þykir að uppfæra núverandi dómkvarða í ljósi nýrrar þekkingar reiðmennsku á íslenskum hrossum og tengsla byggingar og hæfileika. Þessi vinna mun einnig taka til þróunar á framkvæmd dóma en nauðsynlegt þykir að þróa aðferðir við að leggja nákvæmara mat á gangtegundir hestsins og vilja og geðlagsþætti. Vel var tekið í þessar hugmyndir og Þorvaldi falið að kynna verkáætlun á næsta fundi fagráðs þar sem framvinda og framkvæmd verksins verði kynnt en áætlað er að þessi vinna geti tekið 2 ár.
6. Farið var yfir dagskrá hinnar árlegu ráðstefnu fagráðs í hrossarækt. Eftirfarandi er dagskrá ráðstefnunnar eins og hún leit út í sinni endanlegu mynd en sú breyting var gerð í ár að tilnefnd ræktunarbú fengu sína viðurkenningu á ráðstefnunni en sigurvegararnir fengu sín sigurlaun á Uppskeruhátíð Landssamband hestamannafélaga og Félags hrossabænda sem haldin var um kvöldið:

Dagskrá hrossaræktarráðstefnunnar er eftirfarandi:

Laugardagur 7. nóvember 2015

Ráðstefnustjóri: Víkingur Gunnarsson

13:00 Setning – Sveinn Steinarsson formaður fagráðs og FHB

13:10 Hrossaræktarárið 2015 – Niðurstöður kynbótamats og fl. Þorvaldur Kristjánsson

13:30 Heiðursverðlaunahryssa fyrir afkvæmi 2015

13:45 Verðlaunaveitingar:

-Verðlaun, hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrétt)

-Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)

-Verðlaun, hæsta litförótta hryssa ársins

14:10 Viðurkenningar fyrir ræktunarmann/menn ársins 2015

14:30 Erindi um markaðssetningu íslenska hestsins – Guðný Káradóttir frá Íslandsstofu

15:30 Kaffihlé

15:45 Umræður

7. Önnur mál. Rætt var um úthlutun úr Stofnverndarsjóði í ár og að auglýsa þyrfti eftir umsóknum í sjóðinn. Einnig var rætt um að breyta reglum kynbótasýninga þannig að gerð yrði krafa um að það þyrfti að vera búið að taka DNA-sýni úr öllum hrossum sem mæta til kynbótadóms. Þessi breyting hefur í raun bara í för með sér að nú verði gerð krafa um að búið sé að taka DNA-sýni úr geldingum einnig. Farin verði sama leið með geldingana og hryssurnar fyrsta kastið; að gerð er krafa um að búið sé að taka sýnið og staðfesting þess efnis liggi fyrir í WorldFeng en ekki gerð krafa um staðfest ætterni.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:30

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson